

Fimmtudaginn 6. febrúar 1997.

Nr. 300/1996.

**Ferðamálasjóður**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

**protabúi Þórðar Arnar Stefánssonar**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Lögvarðir hagsmunir. Frávísun máls frá Hæstarétti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1996. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og meðferð málsins í héraði eftir 2. maí 1996, svo og, að málið verði fellt niður, eins og það lá þá fyrir. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti sameiginlega úr hendi stefnda og Guðmundar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, sem fór með málið af hálfu stefnda í héraði og fram að munnlegum flutningi þess fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi höfðaði málið gegn Þórði Erni Stefánssyni með birtingu héraðsdómsstefnu 13. maí 1995 til greiðslu kröfu samkvæmt skuldabréfi, sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, og staðfestingar á veðrétti samkvæmt bréfinu í gistihúsi við Bláa lónið ásamt meðfylgjandi lóð úr landi Járngerðarstaðatorfu í Grindavík. Málið var dómtekið að kröfu áfrýjanda 7. september 1995, eftir að útivist hafði orðið af hálfu stefnda í héraði, og dómur kveðinn upp 29. desember sama ár. Samkvæmt beiðni stefnda í héraði 25. janúar 1996 var málið endurupptekið 13. febrúar sama ár samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málið var dómtekið að nýju eftir munnlegan flutning þess 11. júní 1996 og hinn áfrýjaði dómur kveðinn upp 26. sama mánaðar, en undir rekstri málsins eftir endurupptöku var bú stefnda í héraði tekið til gjaldþrotaskipta, og tók þá stefndi við málsaðild.

Í málinu liggur fyrir, að Þórður Örn Stefánsson gaf út afsal 4.

ágúst 1995 til Svartsengis hf. fyrir áðurnefndri fasteign, sem áfrýjandi krafðist að fá staðfestan veðrétt í. Þá hafa verið lögð fram í Hæstarétti gögn, sem leiða í ljós, að 25. mars 1996 ávísaði Svartsengi hf. til lögmanns áfrýjanda lánsfé, sem félagið átti í vændum hjá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda, meðal annars til greiðslu skuldarinnar, sem málið snýst um. Greiðsla samkvæmt ávísuninni var innt af hendi 19. apríl 1996, og gaf lögmaður áfrýjanda út yfirlýsingu 31. maí sama ár, þar sem umrædd fasteign var leyst undan veðböndum samkvæmt skuldabréfinu, sem um ræðir í málinu. Um þessi atvik gat hvorugur aðila málsins undir rekstri þess í héraði.

Óumdeilt er, að fjárhæðinni, sem Svartsengi hf. ávísaði samkvæmt framansögðu til lögmanns áfrýjanda, var meðal annars varið til að greiða að fullu dómkröfur í máli þessu. Átti af þessum sökum að fella málið niður vegna ákvæðis a-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, áður en það kom til munnlegs flutnings í héraði. Því sinni áfrýjandi hins vegar ekki, heldur aflaði hann að ófyrirsynju úrlausnar með hinum áfrýjaða dómi, þar sem kröfur hans voru þó ekki teknar að fullu til greina. Við það verður að sitja, enda eru ekki efni til að fallast á, að áfrýjandi hafi nú lögvarða hagsmuni af því, að héraðsdómurinn verði ómerktur vegna framangreindra atvika, þótt hann telji sig ekki geta unað við niðurstöðu dómsins sem fordæmi við úrlausn samkynja ágreiningsefna. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

---